



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Umhverfissráðuneyti
Ingimar Sigurðsson
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2005

Tilvísun: UST20050700109/hj

Tillögur um stjórnun og framkvæmd veiða á rjúpnastofninum

Forsaga:

Með bréfi dagsettu 20. júlí 2005 óskaði umhverfissráðuneytið eftir því að Umhverfisstofnun gerði tillögur að stjórnun og framkvæmd veiða á rjúpnastofninum og hafi við gerð tillagnanna samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands. Kemur þessi beiðni fram í kjölfar tveggja ára alfriðunar rjúpnastofnsins og er tillögunum ætlað að hafa það að markmiði að veiðar úr rjúpnastofninum verði sjálfbærar. Rjúpnanefnd sem skipuð var af Umhverfissráðherra hefur fjallað um margháttáðar aðgerðir til að ná því marki að veiðar úr rjúpnastofninum verði sjálfbærar. Helst hefur verið rætt um sölubann, styttingu á veiðitíma, hvatningarátak og aukningu friðlanda. Allar þær aðgerðir sem hér eru lagðar til hafa verið ræddar ítarlega í nefndinni ásamt því að haft var samráð við Náttúrufræðistofnun við gerð þeirra.

Í bréfi dagsettu 20. júlí 2005 óskaði umhverfissráðuneytið einnig eftir tillögum Náttúrufræðistofnunar um verndun og veiðiþol rjúpnunar og fór þess sérstaklega á leit við NÍ að hafa samráð við Umhverfisstofnun um gerð tillagnanna.

Fyrstu tillögur frá Náttúrufræðistofnun um veiðiþol komu fram þann 8. ágúst og voru settar fram með miklum fyrirvörum, en engu að síður gerði Umhverfisstofnun tillögu að veiðistjórnun þann 11. ágúst. Á samráðsfundi Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar þann 17. ágúst sl. lagði NÍ fram endurskoðaðar tillögur um veiðiþol og kom á framfæri athugasemdum við tillögur Umhverfisstofnunar að veiðistjórnun frá 11. ágúst. Í framhaldi af því fór Umhverfisstofnun yfir athugasemdir NÍ og fyrri tillögur sínar.

Tillögur Umhverfisstofnunar að veiðistjórnun á rjúpu:

Samkvæmt endurskoðuðum tillögum NÍ þann 17. ágúst er veiðiþol rjúpnastofnsins metið um 70.000 veiddir fuglar að þeim forsendum gefnum að varpstofninn sé 219.674 fuglar vorið 2005 og að veiðar bætist að fullu við náttúrulega dánartíðni.

Tillögur NÍ eru varfærnislegar því árið 1996 voru veiddar 158.363 rjúpur en samt fjölgaði um 14% á Norðausturlandi og 41% í Hrísey milli ára 1996/1997. Þó var stofninn mun minni árið 1996 en hann er í dag og líklega staddur á sama stað í náttúrulegri sveiflu rjúpnastofnsins þ.e. á öðru ári í uppsveiflu.

Tillögur Umhverfisstofnunar að höfðu samráði við NÍ vegna veiðistjórnunar á rjúpu felast í eftirfarandi skrefum:

Sölubanni á rjúpu og rjúpnaafurðum.

Styttra veiðitímabili.

Færri veiðidögum í hverri viku á því tímabili sem heimilt er að veiða.

Áframhaldandi friðun Reykjanesskagans.

Að hrundið verði af stað hvatningarátaki meðal veiðimanna um að sýna hófsemi í veiði.


Auk þessa verður unnið markvisst við að endurmeta og endurskoða þær aðgerðir sem gripið er til.

Tillögurnar hafa fyrst og fremst það að leiðarljósi að takmarka veiðar á rjúpu við það sem ætla má að stofninn þoli og að það sé gert með aðgerðum sem nokkur sátt er um. Sérstaklega er horft til þess að ná að takmarka veiðar svokallaðra magnveiðimanna.


Með ofangreindum veiðistjórnunartillögum sem útskýrðar eru nánar í meðfylgjandi fylgiskjali telur Umhverfisstofnun mjög líklegt að markmið um verndun rjúpnastofnsins náist, enda um verulegar takmarkanir á rjúpnaveiði að ræða frá því veiðar voru síðast leyfðar.

Virðingarfyllt

f.h. Davíðs Egilson forstjóra



Helgi Jónsson
Forstöðumaður framkvæmda og eftirlitssviðs
veiðistjórnunarsviðs



Áki Ármann Jónsson
Forstöðumaður

Fylgiskjal: Tillögur Umhverfisstofnunar að veiðistjórnun á rjúpu 2005

Tillögur Umhverfisstofnunar að veiðistjórnun á rjúpu 2005.

Skáletraði textinn er frekari rökstuðningur og viðbrögð vegna athugasemda sem fram komu á samráðsfundi milli UST og NÍ sem haldinn var 17.

1. Sölubann á rjúpu og rjúpnaafurðir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að sala á rjúpu sem villibráð þegar stofninn er minnstur sé rót vandans varðandi veiðiálag. Við slíkar aðstæður má reikna með að verð sé hæst afurðinni og hvatinn til magnveiða hvað mestur. Stofnunin telur að sölubann sé besta leiðin til þess að draga úr þeim hvata. Hinsvegar verður að gera ráð fyrir að ekki verði hægt að koma í veg fyrir sölu á rjúpu á "svörtum markaði" en aðgerðin sendir skýr skilaboð um að rjúpa getur ekki lengur verið markaðsvara.

Samkvæmt könnun sem gerð var 2002 meðal skotveiðimanna má ætla að a.m.k. 27% heildarafla rjúpu sé seldur. Ennfremur má ætla samkvæmt sömu könnun að önnur 27% séu gefin. Sölubann ætti ekki að hafa nein áhrif á þorra skotveiðimanna þar sem einungis 5% veiðimanna selji rjúpur. Um 32% veiða fyrir sig sjálfa og gefa líka en selja ekki. Er hér því um að ræða veiðistjórnunaraðgerð sem hefur lítil áhrif á þorra veiðimanna, en reikna má með að hún dragi töluvert úr hvata magnveiðimanna til veiða.

Sölubann tekur nokkur ár að ná fullri virkni en það nær strax til verslana og veitingahúsa og má ætla að aðgerðin skili strax 5-10% minnkun á veiðiálagi hið minnsta.

2. Að veiðar verði heimilaðar frá 19. október til 3. desember að báðum dögum meðtöldum.

Mikil náttúruleg afföll eru í rjúpnastofninum og þá mest snemma vetrar. Það leiðir til þess að rjúpur sem eru á lífi í desember eru verðmætari en aðrar rjúpur á veiðitímabilinu þar sem þær hafa lifað af náttúruleg afföll og mjög líklegt að rjúpa sem er á lífi 1. des. muni lifa til vors. Samkvæmt könnun 2002 fer talsverður hluti veiðimanna í ákveðinn fjölda veiðiferða óháð því hversu mikið þeir veiða og ennfremur fer talsverður hluti veiðimanna í eins margar veiðiferðir og þarf til þess að ná ákveðnum fjölda rjúpna í jólamatinn. Í ljósi þess að alla jafna er best að veiða úr stofninum á meðan hann er stærstur, þ.e. september til nóvemberloka og er heppilegast að veiðimenn nái fengnum á sama tíma og náttúruleg afföll eru hvað mest.

3. Færri veiðidagar í hverri viku

a) Bann við veiði á sunnudögum.

Fritími og veður ráða mestu um þann dagafjölda sem rjúpnaveiðimenn ganga til rjúpna skv. könnun 2002. Hjá 48% veiðimanna ræður fritíminn mestu um það hversu oft þeir vilja og geta haldið til veiða. Með því að annar helgardagurinn sé undanþeginn veiðum er verið að draga verulega úr sóknarmöguleikum annars hófsamra veiðimanna sem og magnveiðimanna.

b) Bann við veiði á mánudögum og þriðjudögum.

Sóknarmöguleikar magnveiðimanna minnka verulega með því að ekki sé mögulegt að veiða tvo virka daga í viku auk sunnudaga. Magnveiðimenn taka sér gjarnan frí frá annarri vinnu til þess að stunda rjúpnaveiðar en það að geta einungis stundað veiðar fjóra daga í viku dregur að mati stofnunarinnar verulega úr möguleikum þeirra til veiða.

Samkvæmt tillögum geta veiðimenn samtals stundað rjúpnaveiðar í 28 daga sem er fækkun um 41 dag frá því er veiðar voru leyfðar síðast en þá voru veiðidagar 69 í heildina. Ætla má að óhagstætt veður muni fækka þessum dögum enn frekar og því ljóst að þessi takmörkun mun draga töluvert úr veiðum.

Samkvæmt endurheimtum merktra fugla veiðist um 70% aflans á fyrstu 4 vikum veiðitímans og má ætla að þessi aðgerð dragi því úr veiði um 30%. Hinsvegar má leiða rök að því að veiðimenn færi sóknarþungann meira yfir á byrjun tímabilsins og því verði áhrifin nokkru minni eða 15-30%. Á móti skilar rof á veiðitíma líklegast 5-10% minnkun á veiðiálag að mati UST. (Um 55% veiðimanna fara þrjá daga eða færri til rjúpnaveiða á hverju ári – fækkun veiðidaga hefur því mest áhrif á magnveiðimenn.)

Einnig var til skoðunar að hafa veiðitímann einungis 3-4 vikur t.d. 1.-28. nóv, en þar sem sölubann tekur nokkurn tíma að virka að fullu er það mat UST að slíkur veiðitími muni ekki skerða nógu mikið möguleika magnveiðimanna til veiða. Vegna mjög lítils veiðipóls stofnsins þá þarf líka að ná til fristundaveiðimanna og er það álit Umhverfisstofnunar að helgidagaskerðing sé líklegust til að ná því markmiði þó hvatningaráttak um hóflega veiði muni efalaust skila sínu.

Á samráðsfundi NÍ kom fram tillaga um að veiða í 25 daga samtals og setur UST sig ekki upp á móti tillögunni, þar er einfaldlega verið að fara enn varlegar í sakirnar og um pólitíska ákvörðun að ræða

Eftirlit með rjúpnaveiðum verður eftir sem áður í höndum lögreglu. Ekki er ástæða til að ætla að brotið verði gegn þessu veiðitímabili og þessum veiðidögum frekar en verið hefur.

4. Hvatningarátak af hálfu Umhverfissráðuneytis og undirstofnana þess (Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar) meðal veiðimanna þar sem þeir eru hvattir til hófsemi og að veiða í hæsta lagi 10-15 rjúpur á veiðitímabilinu.

Í nágrannalöndunum hefur náðst góður árangur með því að hvetja veiðimenn til þess að breyta ýmsu í sínum veiðivenjum. (sbr. nýlegt hvatningarátak í Danmörku og Noregi þar sem veiðimenn voru hvattir til að stytta skotfæri á fuglaveiðum til að fækka særðum fuglum). Með aukinni fræðslu og áróðri meðal veiðimanna er hægt að snúa magnveiðihugsun upp í hófsamara viðhorf og draga þannig úr veiði. Sölubann er stór liður í þeim veiðistjórnunaraðgerðum sem hér eru lagðar fram og breytt viðhorf veiðimanna til magnveiði er nauðsynlegt til þess að raunverulegur árangur náist.

Fjöldi veiðimanna sem ganga til rjúpna í góðum árum og ná a.m.k. einum fugli er um 5.000 í góðu veiðiári. Flestir skjóta 1-10 rjúpur og ef enginn skyti meira en 15 rjúpur ætti markmiðið að halda dánarstuðli undir því marki sem NÍ gerir tillögu um að nást. (63% veiðimanna árið 2001 skutu á bilinu 1 – 15 rjúpur, þar af 49% innan við 10 rjúpur.)

Þessi liður gefur mesta óvissu um árangur einn og sér. Leiða má líkum að veiðiálag muni dragast saman um a.m.k. 5% af þessum sökum en það gæti verið mun meira því átakið vinnur mjög sterkt með sölubanni.

5. Áframhald verði á friðun á Reykjanesskaga eins og verið hefur.

Svæðið hefur verið friðað í núverandi mynd frá 2002 en friðunin í Úlfarsfelli nær aftur til 1999. Þrátt fyrir að lítil þéttleiki sé af rjúpu á svæðinu þá er athyglisvert að hafa slíkt stórt samanburðarsvæði við önnur svæði sem veitt verður á.

Önnur griðlönd.

NÍ hefur sett fram tillögu um friðun svæðis á Norðausturlandi(5.500 ferkm.) til þriggja ára. Svæðið er nokkuð stærra en friðaða svæðið á Suðvesturlandi(3.000 ferkm). Bendir NÍ á að tilgangur friðunarinnar sé tvíþættur annars vegar til að bera saman stofnsveiflur rjúpna á friðuðum svæðum saman við stofnsveiflur á veiddum svæðum og hins vegar til að mæla nákvæmlega náttúrulegan dánarstuðul. Umhverfisstofnun tekur undir að öflun þessara upplýsinga er mikilvæg en telur að gera þurfi betur grein fyrir ýmsum atriðum. Þar má nefna

- *mat á því hversu mikið öryggismörk dánarstuðuls aukast á friðunartímabilinu,*
- *næðust sömu upplýsingar ef svæðið væri friðað sem veiðistjórnunaraðgerð í næstu lögð rjúpnastofnsins*
- *umrætt svæði hefur mikinn þéttleika rjúpna, hver eru áhrif að beina veiði til svæða sem hafa veikari stofna,*
- *hvaða hluti svæðisins er sjálfkrafa friðaður eða verður undir stjórnun án sérstakra aðgerða stjórnvalda og*
- *hvað tapast visindalega ef tíminn fram að væntanlegu veiðitímabili árið 2006 er notaður til að skýra þessi atriði og ná samstöðu um hvert hið friðaða svæði á að vera*

Það er enn fremur mat Umhverfisstofnunar að friðun svæðis þurfa að vera í góðri sátt þeirra sem hlut eiga að máli og hefur stofnunin áhyggjur af því að tímaramminn sé orðinn of lítill fyrir slíkt samráð.

Áður en búið er að gera grein fyrir þessum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki tímabært eða raunhæft að gera tillögu vegna veiðistjórnunar um friðun svæðis á Norðausturlandi.

Markmið með þessum veiðistjórnunaraðgerðum er að stefna að því að dánarstuðull rjúpnastofnsins haldist innan við 0,47 og veiðin verði í kring um 70.000 fuglar sem er í samræmi við mat NÍ á veiðiþoli rjúpnastofnsins. Við gerð tillagnanna var tekið mið af rjúpnastofni af svipaðri stærð og á svipuðum

stað í uppsveiflu. Notuð voru árin 1996 og 1997 en þá var veiðin 150-160.000 fuglar. Stofnstærð á þeim tíma var þó nokkuð minni en nú. Aðgerðir taka mið af því að draga verður úr veiðiálagi um ca. 50% til þess að fjöldi veiddra fugla fari ekki yfir metið veiðipól upp á ca. 70.000 fugla. Tekið skal fram að mjög við öryggismörk eru á veiðipóli rjúpnastofnsins og einnig eru gögn um veiðihegðan ófullkominn svo nokkur óvissa er um útkomu. Veiðistjórnun er ítrekunarferli þar sem aðgerðir eru metnar árlega og breytingar geta verið örar þegar um er að ræða stofn sem sveiflast jafnmikið og íslenski rjúpnastofninn.

Eftirfylgni og mat

Með tilkomu upplýsinga um sóknardaga í veiðiskýrslum ásamt nákvæmri skráningu á veiðitölum er nú hægt að mæla árangur af veiðistjórnunaraðgerðum. Hingað til hafa vangaveltur ráðið mestu um hversu miklu friðunaraðgerðir skila í minnkandi veiðiálagi en nú er hægt að mæla árangurinn með því að bera saman veiðitölur og sóknardaga veiðimanna í veiðikortakerfinu. Þá var árið 2002 gerð viðamikil könnun meðal veiðimanna um afstöðu þeirra og hvernig þeir kjósa að standa að veiðum. Þetta hvorutvegja auðveldar markvissa veiðistjórn þrátt fyrir að einhvern tíma taki að ná fullkomnu valdi á slíku.

Það verður að áréttu að markviss veiðistjórn er ítrekunarferli sem verður að byggja á rannsóknnum og taka verður mið af reynslu fyrri ára við nýja ákvörðun. Í upphafi má búast við nokkurri óvissu um hverju veiðistjórnunaraðgerðir skila en með tímanum dregur úr þeirri óvissu með markvissri eftirfylgni, endurmati og endurskoðun.

- A. **Þegar skil á veiðitölum sem innihalda sóknardaga og talning á svæðum liggur fyrir er hægt að meta árangur veiðistjórnunaraðgerða.** – Árið 2002 var gerð sú breyting á veiðiskýrslum veiðimanna að sóknardagar á bak við veiði hvefrrar tegundar eru skráðir. Með úrvinnslu þessara upplýsinga er hægt að meta hvort takmarka þurfi veiðar enn frekar sem væntanlega yrði gert annað hvort með griðlöndum eða stytta veiðitímamann enn frekar.
- B. **Skráning á griðsvæðum rjúpunnar verði hafin.** – Rjúpnanevnd fjallaði um þetta á sínum fundum og var m.a. sérstakur fundur í höfuðstöðvum LMÍ á Akranesi þar sem skráning á friðlöndum í landfræðilegan upplýsingagrunn voru rædd. Ljóst er að einhver kostnaður mun falla til vegna verkefnisins, líklega 1-2 milljónir.
- C. **Upplýsingar um veiði í rauntíma.** - Umhverfisstofnun fyrirhugar að koma á fót gagnagrunni á vefnum sem aðgengilegur yrði veiðimönnum. Þar geta þeir skráð veiði frá degi til dags. Með slíkum gagnagrunni yrði aukin verulega sú þekking sem fyrir liggur um veiðihefðir veiðimanna og með þessu yrði þeim gert kleift að halda rafræna veiðidagbók á vefnum.
- D. **Könnun meðal veiðimanna** – Umhverfisstofnun leggur einnig til að gerð verði samburðarkönnun við könnunina sem gerð var árið 2002 með sérstöku tilliti til rjúpnaveiða svo hægt sé átta sig betur á hverju einstakar veiðistjórnunaraðgerðir skila.

Tafla 1.
Veiði-og banndagar.

Dagsetning	Vikudagar	Veiðidagar pr. viku
19.10	Miðvikudagur	
20.10	Fimmtudagur	
21.10	Föstudagur	
22.10	Laugardagur	4
23.10	Sunnudagur	
24.10	Mánudagur	
25.10	Þriðjudagur	
26.10	Miðvikudagur	
27.10	Fimmtudagur	
28.10	Föstudagur	
29.10	Laugardagur	4
30.10	Sunnudagur	
31.10	Mánudagur	
01.11	Þriðjudagur	
02.11	Miðvikudagur	
03.11	Fimmtudagur	
04.11	Föstudagur	
05.11	Laugardagur	4
06.11	Sunnudagur	
07.11	Mánudagur	
08.11	Þriðjudagur	
09.11	Miðvikudagur	
10.11	Fimmtudagur	
11.11	Föstudagur	
12.11	Laugardagur	4
13.11	Sunnudagur	
14.11	Mánudagur	
15.11	Þriðjudagur	
16.11	Miðvikudagur	
17.11	Fimmtudagur	
18.11	Föstudagur	
19.11	Laugardagur	4
20.11	Sunnudagur	
21.11	Mánudagur	
22.11	Þriðjudagur	
23.11	Miðvikudagur	
24.11	Fimmtudagur	
25.11	Föstudagur	
26.11	Laugardagur	4
27.11	Sunnudagur	
28.11	Mánudagur	
29.11	Þriðjudagur	
30.11	Miðvikudagur	
01.12	Fimmtudagur	
02.12	Föstudagur	
03.12	Laugardagur	4
		28 veiðidagar

Tafla 2.
Dagatal veiði-og banndaga miðað við núverandi heimild í lögum.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Október							15
Október	16	17	18				
Október	23	24	25				
Okt-Nóv	30	31	1				
Nóvember	6	7	8				
Nóvember	13	14	15				
Nóvember	20	21	22				
Nóv-Des	27	28	29				
Desember	4	5	6	7	8	9	10
Desember	11	12	13	14	15	16	17
Desember	18	19	20	21	22		

Heimildir:

Áki Ármann Jónsson, Arnór Þórir Sigfússon, Bjarni Pálsson og Einar Guðmann 2003. *Skóðana og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna. Skýrslur og kannanir: UST 03/15.*

Skotvís, fagrit um skotveiðar og útvíst, 1.tbl. -2 árg. 1997.